



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union

Newsletter #4

February 2023



SUPPORTING, MOBILIZING & EMPOWERING
CREATIVE AND CULTURAL INDUSTRY
ENTREPRENEURS AND EDUCATORS
TOWARDS SOCIAL CHANGE

Nýjustu

fréttir og

staðan á CENTAUR verkefninu

Senn fer CENTAUR verkefninu að ljúka og áhersla er lögð á ljúka við þau verkefni sem eftir eru og kynna það sem víðast. Nú er verið er að þýða afurðir verkefnisins á tungumál samstarfslandanna og setja efni inn á vefsvæði verkefnisins. Verkefnið er kynnt í heild fyrir markhópum verkefnisins bæði innan samstarfslandanna og einnig á evrópskum vettvangi. Skipulagðar hafa verið kynningar(multiplier events) eða vinnustofur hjá öllum samstarfsaðilum verkefnisins undanfarnar vikur. Kynningar hafa nú þegar verið haldnar í Austurríki, Kýpur og Íslandi en kynningar í Þýskalandi og Grikklandi verða fljótlega. Meginmarkmið þessara kynninga er að ná saman markhópum verkefnisins og hagsmunaaðilum í listgreinum og fullorðinsfræðslu og upplýsa þá um verkefnið. Vefsvæði CENTAUR er sérstaklega kynnt því það inniheldur margs konar gagnvirkar aðferðir, vinnusvæði, gagnagrunna o.fl.

Lokafundur og ráðstefna CENTAUR verður haldinn í Apenu, Grikklandi 20.-21. febrúar nk. Samstarfsaðilum gefst kostur á að leggja mat á heildar framvindu verkefnisins og kynna verkefnið fyrir fjölda markhópa og hagsmunaaðila sem verða viðstaddir.

Kynning á Kýpur

Þann 28. janúar 2023 gafst Wisefour tækifæri til að kynna CENTAUR verkefnið fyrir fagfólki, kennurum, leiðbeinendum og nemendum sem eru fulltrúar skapandi greina og menningar sviða á Kýpur.

Viðburðurinn var vel sóttur og fór fram í hjarta gamla bæjarins í Limassol, þar sem myndlistadeild Tækniháskóla Kýpur er staðsett.





Á kynningunni benti Wisefour á þær afurðir sem CEN TAUR verkefnið býður hverjum markhópi. Wisefour kynnti meðal annars gagnvirkar afurðir á vefsvæði verkefnisins ásamt gagnagrunni, samskiptasvæði, æfingum fyrir listamenn og sjálfsmatslista (SMS). Þessar afurðir geta nýst vel fyrir listamenn, kennara, leiðbeinendur, félagsráðgjafa, starfsmenn frjálsra félagasamtaka o.fl. Allir þátttakendur tóku þátt í hringborðsumræðum um CEN TAUR verkefnið og ræddu um áhrif þess á skapandi greinar.

Kynning í Austurríki

Þann 7. desember 2022 komu 20 manns saman í Kulturzentrum Spittelberg í Amerlinghaus, menningarmiðstöð í 7. hverfi Vínarborgar. Meðal þátttakenda voru listamenn, leiðbeinendur og stjórnendur í fullorðinsfræðslu. Viðburðurinn átti að vera þriggja klukkustunda langur þar sem þátttakendur kynntust afurðum CEN TAUR verkefnisins. En honum lauk ekki eftir þrjár klukkustundir, því mikill áhugi var meðal þátttakenda. Kynningin stóð því lengur yfir og þátttakendur skemmtu sér vel með söng, hlátri og umræðum.



Til þátttakenda:

Takk fyrir komuna og það var mjög ánægjulegt að fá ykkur og eiga þessa stund saman.

Kynning á Íslandi

Vinnustofan SVONA GERUM VIÐ, var haldin á bókasafni Listaháskólans 31. janúar sl. Kynntar voru afurðir CENTAUR verkefnisins og þátttakendur voru sérfræðingar frá miðstöðvum símenntunar, Virk starfsendurhæfingarsjóði, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Listaháskólanum o.fl.

Í upphafi voru helstu markhópar kynntir og hvernig hægt er að nota afurðir verkefnisins á mismunandi hátt. Síðan var megináherslan á að kynna CENTAUR fyrir markhópnum á þessari vinnustofu, það er leiðbeinendum, kennurum og öðrum sérfræðingum í fullorðinsfræðslu. Dagskrá viðburðarins var:



- CENTAUR verkefnið - markmið og aðferðafræði - Björg Jóna Birgisdóttir
- Staða skapandi greina - Erna Guðrún Kaaber
- Niðurstöður og framlag listamanna - Anna Sigurðardóttir
- Umræður

Í lokin ræddu þátttakendur saman um verkefnið. Þeir voru ánægðir með að hafa kynnst um aðferðum verkefnisins og töldu þær hagnýtar og notendavænar, sérstaklega vefsvæðið, Sjálfsmatslistinn (SMS) og æfingasafnið, sem gætu nýst vel fullorðinsfræðslu í framtíðinni á Íslandi.



Kynningarmál í Þýskalandi með áherslu á innflytjendur og flóttafólk

Þýski samstarfsaðilinn hefur nýtt samfélagsmiðla, sérstaklega facebook, sem innflytjendur og flóttamenn nota mikið. Bæklingur CENTAUR verkefnisins hefur verið þýddur á arabísku og jafnframt er í vinnslu á þýða hann á fleiri tungumál innflytjenda.

Þróað hefur verið efni til að nota og kynna verkefnið í flóttamanna samfélögum og vinnustofum, sem fjalla um skyld efni, til að ná til breiðari markhóps.

Fólk á flóttu sem býr í ESB ríkjum þarf stuðning, þar sem geðheilbrigðisþjónustan nær ekki að sinna þeim vegna mikils álags. Stofnanir eins og UN/IASC/WHO hafa lagt áherslu á að styðja við þessa hópa og efla seiglu og fleiri þætti, þar á meðal sköpunargáfu.



EU Centaur – a platform for supporting resilience by unlocking creativity in refugee care

AIMS:

- Use exercises to discover and develop your inner creativity.
- Get in touch with artists to learn creativity and art strategies
- Get in touch with performing arts models in European and other cultures
- If you are an artist- link to members of the public and adult educators and offer your experience to help them develop and teach creativity
- Learn about creativity

Co-funded by the Erasmus+ Programme of the European Union

Framúrskarandi listamenn í hóp innflytjenda og flóttamanna samfélaginu hafa verið fengnir í samstarf og þannig hefur verið stuðlað að menningarlegri samþættingu og samskipti heimamanna við listamenn og flóttafólk aukin. Rætt hefur verið um að sköpunargáfan sem felst í daglegu lífi, geti hjálpað mikið til að halda heilsu á þessum umrótatíma í Evrópu. Kynningarefnið hefur verið notað sem hluti af vinnustofum, til dæmis til stuðnings við flóttafólk frá Sýrlandi, Íran og Írak.

Ennfremur hefur verið komið á samstarfi við listasöfn með áherslu á fjölmenningu og má þar nefna samstarf við „Hinterland“ (sérstaklega listahátíð um fuglaverkefni). Þýski samstarfaðillinn og sá austurríski hafa unnið töluvert saman og haldið kynningar bæði í Þýskalandi og Austurríki.



PROJECT NUMBER - 2020-1-DE02-KA227-ADU-008268 "The European Commission's production of this publication does not constitute an endorsement of the contents, which reflect the views only of the authors, and the Commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein."

support for the